


Ídag íkvöld



Hringur Jóhannesson við verk sitt Biðukolla.

islenskra listamanna og verðum við þar með átta verk," sögðu þau Leifur Breiðfjörð og Sigríður Jóhannsdóttir.

„Ég er með 12 verk á sýningunni“

„Ég sýni hér 12 verk," sagði Baltasar, „þau eru öll frá í sumar máluð hér heima og erlendis.“  
— Hvers konar verk ert þú með hér?

„Þetta eru teikningar, sem ég sýni nú og það er svolítið merkilegt, vegna þess að ég hef ekki sýnt teikningar síðan 1961 í Mokka, þegar ég hélt mína fyrstu sýningu á Íslandi. Annars notast ég einkum við olíu og er dálítið í grafík.“

— Hvaða tækni notar þú í myndum þínum?

„Það er nú bara alls konar tækni, ég kalla það blandaða tækni.“

— Og hvað er á döfinni hjá þér?

„Nú ætla ég að byrja aftur að mála, því ég ætla að halda afmælissýningu hérlandis í janúar '83, því þá er ég búinn að

búa á Íslandi í 20 ár. Svo ætla ég að hjálpa konunni minni við að klára sitt nám, en hún er í höggmynda- og leirkeragerð í Bandaríkjunum," sagði Baltasar.

„Ég ætla að halda áfram að mála.“

„Eftir þessa sýningu mun ég halda áfram að mála, en það er ekkert ákveðið verkefni, sem við tekur hjá mér," sagði Hringur Jóhannesson.

Hringur er með 20 litkrítarmyndir og 8 olíumálverk á sýningunni, unnar á síðastliðnu sumri.

— Hvað gerir þú annað en mála?

„Ég er kennari við Myndlistarskólann í Reykjavík. Síðan hef ég myndskreytt nokkuð bækur, meðal annars hef ég undanfarið verið að myndskreyta söguna af henni Búkollu, sem á að koma út í Japan í febrúar eða mars, en í bókinni verða um 20 litkrítarmyndir," sagði Hringur Jóhannesson.

„Miklar breytingar framundan“

„Ég er hér með 12 myndir og við þar er notuð mjög blönduð tækni," sagði Sigurður Örlýgsson.

— Hvað hefur þú haldið margar sýningar?

„Það eru 6 einkasýningar og jafnmargar samsýningar, en fyrstu sýninguna hélt ég fyrir tíu árum.“


— Hvað tekur við hjá þér eftir þessa sýningu?

„Framundan hjá mér eru miklar breytingar. Ég ætla að fara að byrja á allt öðrum hlutum, því ég er orðinn þreyttur á að mála myndir," sagði Sigurður Örlýgsson.

—KP



Leifur Breiðfjörð og Sigríður Jóhannsdóttir eiga nokkur vefnaðarverk á sýningunni.



Baltasar sýnir 12 teikningar.



Í myndum Sigurðar Örlýgssonar er mjög blönduð tækni.

Bunuel í Fjalakettinum

Cet Obscure Objet Du Desir heitir myndin, sem Fjalakötturinn sýnir um helgina. Leikstjóri er hinn frægi Luis Bunuel.

Í stuttu máli greinir myndin frá tilraunum heldri manns komnum af léttasta skeiði til að svipta unga stúlku meydómi sínum.

Sýningar myndarinnar verða að venju í Tjarnarbíói í dag klukkan 13 og á morgun klukkan 19 og 22.

—KP

„Veidiferðin“ endursýnd í Reykjavík

Sýningar á Íslensku fjölskyldumyndinni „Veidiferðinni“ hefjast á nýjan leik í Reykjavík í dag. „Veidiferðin“ verður sýnd í Austurbæjarbíói í dag og á morgun á fimm- og sjö sýningum og á fimm-sýningum alla næstu viku.

Nú hafa 63 þúsund manns séð Veidiferðina, sem er ein þriggja íslenskra kvikmynda sem gerðar voru kvikmynda-sumarið mikla 1979.

Höfundur handrits og leikstjóri er Andrés Indriðason og er hann einnig framleiðandi myndarinnar ásamt Gísla Gestssyni. Höfundur tónlistar er Magnús Kjartansson.

—ATA

**REGNBOGINN**  
Sími 19 000  
salur A  
**Sólbrunni**  
Hörkuspennandi ný bandarísk litmynd, um harðsnúna tryggingasvikara, með FARRAH FAWCETT fegurðardrottningunni frægu, CHARLES GRODIN - ART CARNEY.  
Íslenskur texti  
Bönnuð innan 16 ára  
Sýnd kl. 3 - 5 - 7 - 9 og 11.

salur B  
**Jassöngvarinn**  
Fransýning í Evrópu  
Skemmtileg — hrifandi, frábær tónlist.  
Sannarlega kvikmyndavíburður...  
NEIL DIAMOND  
LUCIE ARANZ.  
Tónlist: NEIL DIAMOND  
Leikstjóri: RICHARD FLEICHER.  
Sýnd kl. 3.05 - 6.05 - 9.05 - 11.15  
Íslenskur texti

salur C  
**LANDAMÆRIN**  
Sérlega spennandi og víburðahröð ný bandarísk litmynd, um kapphlaupid við að komast yfir mexikönsku landamærin inn í gulllandið...  
TELLY SAVALAS, DENNY DE LA PAZ, EDDIE ALBERT.  
Leikstjóri: CHRISTOPHER LEITCH.  
Íslenskur texti.  
Bönnuð börnum.  
Hækkad verð.  
Sýnd kl. 3.10 - 5.10 - 7.10 - 9.10 og 11. 10

salur D  
**Hjónaband Maríu Braun**  
Bönnuð innan 12 ára  
Íslenskur texti  
Sýnd kl. 3 - 6 - 9 og 11.15.

**BORGARBIÓÐ**  
SMIDJUVEGI 1, KÓP. Sími 43500  
(Útvegsbankahúsinu austast í Kópavogi)  
„The Pack“  
Frá Warner Bros: Ný amerísk þrumuspennandi mynd um menn á eyðieyju, sem berjast við áður óþekkt öfl.  
Garanteruð spennamynd, sem fær hárin til að risa.  
Leikstjóri: Robert Clouse (gerði Enter The Dragon)  
Leikarar:  
Joe Don Baker ..... Jerry Hopi A. Willis ..... Millie Richard B. Shull... Hardiman  
Sýnd kl. 5, 7 og 9.  
Íslenskur texti.  
Bönnuð innan 16 ára.

„Ljóf leyndarmál“  
Erotísk mynd af sterkara taginu.  
Sýnd kl. 11.  
Stranglega bönnuð innan 16 ára.  
Nafnskrifteini.

**Bær dýranna.**  
Bráðskemmtileg teiknimynd eftir hinni heimsfrægu sögu George Orwell „Animal Farm“.  
Sýnd kl. 3 sunnudag.

**HÁSKOLABÍÓ**  
Sími 22140  
Í lausu lofti (Flying High)  
Stórskemmtileg og fyndin litmynd, þar sem söguþráður „stórslýsamyndanna“ er í hávegum hafður. Mynd sem allir hafa gaman af.  
Aðalhlutverk Robert Hays, Juli Hagerty, Peter Graves.  
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

**Arásin á Entebbe**  
Æsispennandi mynd.  
Aðalhlutverk: Martin Balsam, Charles Bronson og Horst Bucholz.  
Endursýnd kl. 3, laugardag.  
Aðeins þetta eina sinn.  
Barnasýning kl. 3 sunnudag

**Tarzan og stórflyótíð**

**HAFNARFJARÐARBIÓ**  
Sími 50249  
Hörkutólið (True Grit)  
Hörkuspennandi mynd, sem John Wayne fékk Óskarsverðlaun fyrir að leika í.  
Sýnd laugardag og sunnudag kl. 9, síðustu sýningar.  
Í faðmi dauðans  
Sýnd laugardag og sunnudag kl. 5.  
**Risakolkrabbinn**  
Sýnd sunnudag kl. 7.  
Nýtt teiknimyndasafn barnasýning sunnudag kl. 3.

**BÆJARBIÓ**  
Sími 50184  
Bardaginn í Skipshlakinu (Beyond the Poseidon Adventure).  
Æsispennandi og mjög víburðarík, ný, bandarísk stórmynd í litum og Panavision. Aðalhlutverk: Michael Caine, Sally Field, Telly Savalas, Karl Malden.  
Ísl. texti.  
Bönnuð innan 12 ára.  
Sýnd í dag kl. 5.  
Á morgun sunnudag kl. 5 og 9.  
Barnasýning kl. 3 sunnudag  
Hrói Höttur og kappar hans.

**STJÖRNUBÍÓ**  
Sími 18936  
Bragðarefirnir  
Geysispennandi og bráðskemmtileg ný amerísk-ítölsk kvikmynd í litum með hinum frábæru Bud Spencer og Terence Hill í aðalhlutverkum. Mynd sem kemur öllum í gott skap í skammdeginu. Sama verð á öllum sýningum.  
Sýnd laugardag og sunnudag kl. 2.30, 5, 7.30 og 10.  
Síðasta sýningarhelgi.

**SNEKKJAN**  
Ópið til kl. 03.00  
Hin frábæra hljómsveit  
★ OLIVER ★  
skemmtir í kvöld  
Halldór Árni verður í diskótekinu  
**SNEKKJAN**